

FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

VERAPAMIL MYLAN, 40 eða 80 mg filmuhúðaðar töflur.

Verapamil hýdróklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um:

1. Hvað er Verapamil Mylan og við hverju er það notað
2. Áður en byrjað er að taka Verapamil Mylan
3. Hvernig á að taka Verapamil Mylan
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig á að geyma Verapamil Mylan
6. Aðrar upplýsingar

1. HVAD ER VERAPAMIL MYLAN OG VIÐ HVERJU ER ÞAÐ NOTAÐ

Verapamil Mylan er hjartalyf sem tilheyrir hópi svokallaðra kalsíumgangaloka sem eru æðaslakandi og minnka samdráttarkraft hjartans. Verapamil Mylan verkar á hjartsláttartruflanir, háan blóðþrýsting og á hjartaöng (brjóstverk).

2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ TAKA VERAPAMIL MYLAN

Ekki má taka Verapamil Mylan

- ef þú ert með ofnæmi fyrir verapamil hýdróklóríð eða einhverju öðru innihaldsefni Verapamil Mylan..
- ef þú ert með alvarlega starfstruflun í hjarta.

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Verapamil Mylan

- ef þú ert með hjartabilun.
- ef þú ert með lifrabilun.

Notkun annarra lyfja:

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef önnur lyf eru notuð eða hafa verið notuð nýverið, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Sérstakrar varúðar skal gætt ef samtímis eru tekin hjartalyf eða lyf við of háum blóðþrýstingi.

Ef Verapamil Mylan er tekið með mat eða drykk

Gleypa á töfluna með vatnssopa og best er að taka hana alltaf á svipuðum tíma sólarhringsins. Verapamil Mylan má taka með mat eða eitt og sér.

Meðganga og brjóstgjöf:

Hugsanlegt er að lyfið hafi áhrif á fóstur. Leitaðu því alltaf ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en þú notar Verapamil Mylan á meðgöngu eða við brjóstgjöf.

Lyfið berst í brjóstamjólki og því er ekki mælt með brjóstgjöf samtímis töku á Verapamil Mylan.

Akstur og notkun véla:

Yfirleitt hefur Verapamil Mylan engin áhrif á hæfni við akstur eða stjórnun vinnuvéla, en ef þú finnur fyrir svima ættir þú ekki að aka bifreið á meðan á meðferð með lyfinu stendur.

Mikilvægar upplýsingar um tiltekin innihaldsefni Verapamil Mylan

Lyfið inniheldur laktósa. Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

3. HVERNIG Á AÐ TAKA VERAPAMIL MYLAN

Notaðu lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Fullorðnir:

Venjulegur skammtur af Verapamil Mylan er 40-120 mg 3-4 sinnum á dag. Við háþrýstingi er algengt að nota 120-240 mg tvisvar á dag. Gleypa á töfluna með vatnssopa og best er að taka hana alltaf á svipuðum tíma sólarhringsins. Verapamil Mylan má taka með mat eða eitt og sér.

Lyfjameðferð er yfirleitt haldið áfram í nokkra mánuði, jafnvel nokkur ár.

Skammtastærðir handa börnum: 1-2 mg/kg líkamsþunga þrisvar sinnum á dag.

Leitaðu til læknis eða lyfjafræðings ef þér finnst áhrifin af Verapamil Mylan vera of mikil eða of lítil.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er tekinn:

Hætta er á hjartsláttartruflunum, að blóðþrýstingur lækki of mikið, hjartað slái hægar og mögulega getur sjúklingur endað í losti. Séu teknir skammtar sem eru mun stærri en tilgreindir eru eða læknir hefur mælt fyrir um, þá skal samstundis leita læknis eða neyðarmóttöku á spítala.

Ef gleymist að taka Verapamil Mylan:

Ef þú gleymir að taka einn skammt, taktu þá skammtinn eins fljótt og þú getur og næsta skammt á sama tíma og venjulega. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

Eins og á við um öll lyf getur Verapamil Mylan valdið aukaverkunum, þó ekki hjá öllum.

Helstu aukaverkanir Verapamil Mylan eru:

Algengar (>1%): Svimi og höfuðverkur. Einkenni frá húð. Hjartsláttartruflanir. Hjartabilun.

Sjaldgæfar (0,1-1%): Harðlífi og ógleði.

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

5. HVERNIG Á AÐ GEYMA VERAPAMIL MYLAN

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á glasinu.

Geymið lyfið við stofuhita.

Ekki á að fleygja lyfjum í skólpagnir eða heimilissorp. Spurðu lyfjafræðing hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þessar aðgerðir eru til þess að vernda umhverfið.

6. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hvað inniheldur Verapamil Mylan

Virka innihaldsefnið er verapamil hýdróklóríð 40 mg eða 80 mg

Önnur innihaldsefni eru laktósa, magnesíumstearat, karnaubavax, metýlhýdroxýprópýl sellulósi, natríumsterkjuglýkólat, talkúm, forgelatíneruð maísterkja, díetýlþalat, örkristallaður sellulósi, títantvíoxíð (E171).

Útlit Verapamil Mylan og pakkningastærð:

40mg: Hvítar, filmuhúðaðar töflur með deilistriki, merktar VL-40 á annari hlið og G á hinn hliðinni.

80 mg: Hvítar, filmuhúðaðar töflur með deilistriki, merktar VL-80 á annari hlið og G á hinn hliðinni.

Lyfið er fáanlegt í eftirtöldum styrkleikum og pakkningastærðum:

40 mg: 100 stk

80 mg: 100 stk

Markaðsleyfishafi

Mylan AB
Box 23033
104 35 Stockholm

Tel: +46 8 555 22 750

Fax: +46 8 555 22 751

Mail: inform@mylan.se

Framleiðandi

Gerard Laboratories Ltd.
Bardoyle Industrial Estate
Dublin 13, Írland.

Umboðsaðili:

Actavis Group PTC ehf.
Dalshraun 1
220 Hafnarfjörður

Frekari upplýsingar

Ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið, vinsamlegast hafið þá samband við fulltrúa markaðsleyfishafa.

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur

1. ágúst 2008.